

225 styrkjum samkvæmt fyrirmælum 4. gr., eftir að vextir af sjóðnum falla til útborg-
30. des. unar. Einnig skal stjórnin annast reikningshald sjóðsins.

6. gr.

Sjóðurinn skal vera undir opinberu eftirliti og reikningar hans birtast í Stjórn-
artíðindum, eða öðru því riti, er birtir efnahagsyfirlit opinberra sjóða.

7. gr.

Leita skal staðfestingar á skipulagsskrá þessari.

226

31. des.

AUGLÝSING

um breyting á reglum um áhættuflokkun og ákvörðun iðgjalda fyrir
slysatryggingar, nr. 222 21. febrúar 1939.

1. gr.

Iðgjöld til iðntryggingarinnar skulu frá 1. janúar 1942 hækka um 80% frá því
sem þau voru ákveðin í reglum nr. 222 21. febrúar 1939.

2. gr.

Iðgjöld til sjómannatryggingarinnar samkvæmt 7., 8. og 9. áhættuflokki skulu
vera kr. 5,00 fyrir hvern mann á viku frá og með 1. janúar 1942. Auk þess skal
krafið sérstakt aukaiðgjald, kr. 60,00, fyrir hvern sjómann á skipum, er sigla milli
landa, fyrir hverja ferð.

Iðgjöld kafara og manna, sem stunda sjófluglaveiðar, skulu vera kr. 5,40 á viku
frá 1. janúar 1942.

Ákvæði þessi eru hér með sett samkvæmt 2. kafla laga nr. 74 31. desember
1937, um alþýðutryggingar, og birtast til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að
að máli.

Jafnframt falla úr gildi auglýsingar um sama efni frá 27. desember 1940 og
31. marz 1941.

Félagsmálaráðuneytið, 31. desember 1941.

Stefán Jóh. Stefánsson.

Páll Pálmason.

227

31. des.

AUGLÝSING

um breyting á gjaldskrá fyrir rafveitu Austur-Húnavatnssýslu,
nr. 150 31. ágúst 1940.

1. gr.

1. grein gjaldskrárinnar orðist þannig:
Rafveita Austur-Húnavatnssýslu selur raforku á þann hátt og við því verði, er
hér segir:

- a. Um hemil fyrir kr. 200,00 hvert kilóvatt um árið. Rafveitan selur eigi minna
afl um hemil en $\frac{1}{2}$ kilóvatt.

- b. Um mæla, þar sem hver tegund notkunar er mæld sérstaklega:
1. Til ljósa fyrir 70 aura hverja kwst.
 2. Til suðu, vatnshitunar o. fl. fyrir 12 aura hverja kwst.
 3. Til herbergjahitunar 4,5 aurar fyrir hverja kwst.
 4. Til vélareksturs og iðnaðar 22 aurar fyrir hverja kwst.
- c. Um mæli til heimilisnotkunar (ljós, suðu, herbergjahitunar í íbúðum) mæld um einn mæli:
1. Fyrir fyrstu 6xh kwst. á hverjum mánuði greiðist 70 aurar fyrir hverja kwst.
 2. Fyrir næstu 44xh kwst. á hverjum mánuði greiðist 12 aurar fyrir hverja kwst.
 3. Fyrir það, sem notað er þar fram yfir, greiðist 4,5 aurar fyrir hverja kwst.
Merkir þá h fjölda íbúðarherbergja.
- d. Þeir notendur, sem festa kaup á 20 kw. a. m. k. til heils árs, skulu geta fengið það afl, er þeir nota fram yfir fastaafll, gegn kwst.gjaldi:
1. Til iðnaðar eða vélareksturs fyrir 12 aura hverja kwst.
 2. Til upphitunar húsa eftir sérstökum samningi, þar sem tekið er tillit til þess á hvaða tíma dags orkan er notuð.
- e. Um sérstaka notkun, sem ekki fellur undir lið a—d, fer eftir samningi milli rafveitustjórnar og hlutaðeiganda.
Gjöld þessi má hækka og lækka um 20%, ef yfirstjórn samþykkir.

227
31. des.

Gjaldskrárbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi 1. janúar 1942 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 31. desember 1941.

Stefán Jóh. Stefánsson.

Vigfús Einarsson.

REIKNINGAR LANDSBANKA ÍSLANDS

228

árið 1940.

I. Seðlabankinn.

Efnahagur seðlabankans 31. desember 1940.

Eignir:

1. Gullmynt	kr. 5744651.38
2. Inneign hjá erlendum bönkum	— 57872099.91
3. Vixlar innlendir og ávísanir	— 11982220.50
4. Vixlar og ávísanir til greiðslu erlendis	— 648576.65
5. Endurkeyptir vixlar	— 4050525.36
6. Lán í hlaupareikningi	— 3284243.93
7. Reikningslán	— 859544.98
8. Bankabyggingarnar með húsbúnaði	— 700000.00
9. Erlend verðbréf	— 246898.24
10. Innlend verðbréf	— 2276294.48
11. Innlendir bankar	— 345812.63
12. Ýmsir skuldunautar	— 70145.14

Flyt kr. 88081013.20